

	<p style="text-align: center;">VERKLAGSREGLUR um akademísk gestastörf við Háskóla Íslands,</p> <p style="text-align: center;">sbr. 13. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.</p>	<p>Bls.: 1 af 3</p> <p>Samb. í háskólaráði 14. apríl 2016</p> <p>Endursk. síðast 7. maí 2026 Málsnúmer: HI-M-26-0657</p> <p>Ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni: Forsetar fræðasviða og formaður vísindanefndar</p>
---	--	---

1. Faglegar kröfur

Forsetur fræðasviða er heimilt, í umboði rektors, að bjóða völdum einstaklingum að gegna akademískum gestastörfum við deild eða rannsóknasetur Háskóla Íslands. Sama gildir um námsleiðir í Umhverfis- og auðlindafræði og Lýðheilsuvísindum. Í tilviki rannsóknasetra, sbr. reglur nr. 480/2010 um Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands, veitir rektor slík gestastörf ef þau tengjast ekki deild beint. Þau sem gegna akademískum gestastörfum skulu uppfylla ótvírætt sömu kröfur um faglegt hæfi og gerðar eru til þeirra sem starfa við kennslu og sjálfstæðar rannsóknir í Háskóla Íslands.

2. Umsókn og hæfismat

Deildarforseti, formaður stjórnar Umhverfis- og auðlindafræða eða Lýðheilsuvísinda, eða eftir atvikum formaður ráðgefandi nefndar rannsóknasetra, sem hyggst bjóða einstaklingi að gegna akademísku gestastarfi skal senda formanni vísindanefndar háskólaráðs skriflega umsókn ásamt ferilskrá viðkomandi einstaklings. Í umsókninni skal koma fram:

- a) Rökstuðningur fyrir gestastarfinu, þ.m.t. hvaða verkefnum á sviði rannsókna, kennslu eða öðrum sviðum viðkomandi er ætlað að sinna og hvaða hag viðkomandi starfseining og Háskóli Íslands hafa af gestastarfinu.
- b) Hversu margir einstaklingar gegna akademísku gestastarfi við starfseininguna á þeim tíma sem umsóknin er send og hvert hlutfall þeirra er af heildarfjölda akademískra starfsmanna, sem ráðnir eru samkvæmt hæfnisdómi, sbr. lið 3.

Vísindanefnd háskólaráðs aflar skriflegs mats á akademísku hæfi viðkomandi hjá vísinda- og nýsköpunarsviði. Í matinu skal koma fram hvort viðkomandi einstaklingur uppfylli ótvírætt lágmarkskröfur um akademískt hæfi sem gerðar eru til þeirra sem hafa starfsheitið lektor, dósent eða prófessor innan Háskóla Íslands. Ef viðkomandi gegnir akademísku starfi við viðurkenndan háskóla er ekki þörf á sérstöku mati vísinda og nýsköpunarsviðs. Vísindanefnd tekur að því búnu afstöðu til starfsveitingarinnar og tilkynnir viðkomandi forseta fræðasviðs og deildarforseta eða formanni stjórnar Umhverfis- og auðlindafræða eða Lýðheilsuvísinda, eða eftir atvikum rektor og formanni ráðgefandi nefndar um niðurstöðu vísindanefndar.

3. Fjöldi

Fjöldi þeirra sem gegna akademískum gestastörfum á hverjum tíma skal að jafnaði ekki vera meiri en sem nemur 25% af heildarfjölda akademískra starfsmanna í viðkomandi starfseiningu.

4. Leiðbeining í rannsóknatengdu framhaldsnámi

Akademísk gestastörf fela í sér að viðkomandi einstaklingar séu viðurkenndir leiðbeinendur í framhaldsnámi innan viðkomandi deilda, eða innan Umhverfis- og auðlindafræða eða Lýðheilsuvísinda, enda uppfylli þeir þær kröfur sem Háskóli Íslands gerir að þessu leyti og hafa fengið samþykki deildarfundar eða stjórnar viðkomandi námsleiðar.

5. Réttur til setu á deildarfundum og fundum námsbrauta

Akademískir gestakennarar eiga rétt til setu á deildarfundum í viðkomandi deildum og, eftir því sem við á, fundum námsbrauta, sbr. 17. og 21. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

	<p style="text-align: center;">VERKLAGSREGLUR um akademísk gestastörf við Háskóla Íslands,</p> <p style="text-align: center;">sbr. 13. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.</p>	<p>Bls.: 2 af 3</p> <p>Samb. í háskólaráði 14. apríl 2016 Endursk. síðast 7. maí 2026 Málsnúmer: HI-M-26-0657</p> <p>Ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni: Forsetar fræðasviða og formaður vísindanefndar</p>
---	--	--

Peir hafa þó ekki atkvæðisrétt á deildarfundum og fundum námsbrauta.

6. Samningur

Gera skal skriflegan samning um hvert akademískt gestastarf þar sem m.a. er kveðið á um forsendur, gildissvið, gildistíma, fjárhagsleg samskipti, réttindi og skyldur hvors samningsaðila og eðli og inntak samstarfsins. Þar komi fram að hvaða leyti samstarfið taki til rannsóknna, kennslu og leiðbeiningar á grunn- og framhaldsstigi, setu í framhaldsnámsnefndum, stjórnunar, birtingar vísindagreina í nafni beggja samningsaðila og kynningarmála, eftir því sem við á hverju sinni. Forseti viðkomandi fræðasviðs, deildarforseti eða formaður stjórnar Umhverfis- og auðlindafræða eða Lýðheilsuvísinda, og formaður vísindanefndar undirrita samninginn fyrir hönd Háskóla Íslands í umboði rektors. Yfirmaður stofnunar eða fyrirtækis sem viðkomandi gestakennari starfar hjá og gestakennarinn sjálfur undirrita samninginn fyrir hönd stofnunarinnar eða fyrirtækisins. Forseti viðkomandi fræðasviðs ber ábyrgð á því að samningar um akademísk gestastörf við deildir fræðasviðsins, sem og við Umhverfis- og auðlindafræði og Lýðheilsuvísindi, séu skráðir í Námu, skjalaskráningarkerfi Háskóla Íslands, og að haldin sé skrá yfir þá sem gegna akademískum gestastörfum við fræðasviðið á hverjum tíma. Vísinda- og nýsköpunarsvið heldur skrá um alla gestakennara og gerir hana aðgengilega á heimasíðu Háskólans.

7. Gildistími

Öll akademísk gestastörf skulu vera tímabundin og að hámarki til 5 ára í senn. Að þeim tíma liðnum skal metið hvort bjóða eigi gestastarfið að nýju og skal þá gera um það nýjan samning. Ekki er unnt að sækja um breytingu til herra starfsheitis meðan á gildistíma samningsins stendur. Ef samningi er sagt upp áður en hann rennur formlega út skal tilkynna vísindanefnd háskólaráðs um það. Ósk um endurnýjun samningsins skal senda til formanns vísindanefndar ekki síðar en 6 mánuðum áður en samningurinn rennur úr gildi.

8. Fjármál

Akademísk gestastörf eru ekki launuð nema kveðið sé á um annað í samningi, sbr. lið 6 eða í sérstökum tilvikum, sbr. lið 10. Þó er greitt fyrir nefndarsetu, leiðbeiningu og kennslu eins og almennar reglur háskólans kveða á um.

9. Starfsheiti

Íslensk heiti akademísku gestastarfanna eru gestalektor, gestadósent og gestaprófessor. Samsvarandi ensk þýðing á heitunum er Adjunct Assistant Professor, Adjunct Associate Professor og Adjunct Professor. Heimilt er með samþykki rektors að nota önnur heiti, svo sem rannsóknalektor, rannsóknadósent og rannsóknaprófessor, ef um er að ræða viðamikla samstarfssamninga um kennslu og rannsóknir. Ef gestastarf tengist hvorki deild beint, né námsleið í Umhverfis- og auðlindafræði eða Lýðheilsuvísindum, sbr. 1. gr., eru starfsheitin gestarannsóknalektor, gestarannsóknadósent eða gestarannsóknaprófessor.

10. Sérstök launuð störf akademískra gestaprófessora með 20% starfshlutfall

Unnt er að ráða viðurkennda vísindamenn í sérstök störf akademískra gestaprófessora með 20% starfshlutfall. Rektor skal formlega að samþykkingu slíka ráðningu.

	<p>VERKLAGSREGLUR um akademísk gestastörf við Háskóla Íslands,</p> <p>sbr. 13. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.</p>	<p>Bls.: 3 af 3 Samb. í háskólaráði 14. apríl 2016 Endursk. síðast 7. maí 2026 Málsnúmer: HI-M-26-0657 Ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni: Forsetar fræðasviða og formaður vísindanefndar</p>
---	--	--

11. Lög og reglur

Við störf í þágu HÍ fer gestakennari að lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008, reglum fyrir HÍ nr. 569/2009, auk siðareglna og annarra reglna sem gilda um viðkomandi háskóladeild eða rannsóknasetur.